

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2016, fimmtudagurinn 10. mars, var haldinn 144. fundur Hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Vesturgarði og hófst kl. 12.00. Viðstödd voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Marta Guðjónsdóttir, Kjartan Magnússon, Margrét Marteinsdóttir og Rakel Dögg Óskarsdóttir Einnig sátu fundinn þau; Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri í Vesturgarði, og Hörður Heiðar Guðbjörnsson verkefnastjóri í Vesturgarði sem jafnframt ritaði fundargerðina. Aheyrafulltrúi frá Íbúasamtökum Vesturbæjar Birgir Þröstur Jóhannsson sem jafnframt var með erindi.

Þetta gerðist:

1. Blómakassar við Hofsvallagötu: Tekin var upp umræða frá síðasta fundi um blókakassa við Hofsvallagötu.

Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að blómakassar við Hofsvallagötu verði fjarlægðir sem fyrst og götunni komið í fyrra horf í samræmi við óskir íbúa, þó þannig að hjólréiðakrein verði látin halda sér.

Kosið var um þessa tillögu og féll hún með tveimur atkvæðum Samfylkingarmanna og einu atkvæði Bjartrar framtíðar gegn tveimur atkvæðum sjálfstæðismanna.

Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar:

Hvatt er eindregið til þess að viðhaldi á blómakerjum við Hofsvallagötu verði sinnt af myndarskap og þau fái sumarblóm. Verði ekki unnt að lagfæra þau skulu þau fjarlægð.

Samþykkt með tveimur greiddum atkvæðum Samfylkingarmanna og einu atkvæði Bjartrar framtíðar.

2. Umferðaröryggi í Vesturbæ, kynning frá Birgi Þresti, formanni Íbúasamtaka Vesturbæjar. Hverfisráð Vesturbæjar þakkar Íbúasamtökum Vesturbæjar fyrir mikla og vandaða vinnu í þágu umferðaröryggismála í hverfinu. Sérstaklega er Birgi Þresti Jóhannssyni og Gunnari Haraldssyni þakkað fyrir útgáfu skýrslunnar *Umferðaröryggis í Vesturbænum*. Í skýrslunni er ýtarleg greining á stöðu umferðarmála í hverfinu og fjölmargar tillögur til úrbóta. Mun skýrslan án efa koma að góðum notum við úrbætur í umferðaröryggismálum í hverfinu og jafnvel víðar í borginni.
3. Hjólabrettaaðstaða í Vesturbæ – erindi frá Íbúasamtökum Vesturbæjar. Frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 13.12

Sverrir Bollason (sign)

Teitur Atlason (sign)

Margrét Marteinsdóttir (sign)

Kjartan Magnússon (sign)

Marta Guðjónsdóttir (sign)